Mannlegi þátturinn í kennslu framtíðarinnar: Óvissa, kvíði og álag kennara á tímum gervigreindar

Höfundur og flytjandi: Óttar Birgisson, lektor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands

Umræða um gervigreind í háskólakennslu beinist gjarnan að tæknilegum möguleikum, námsmati og notkun nemenda. Sálræn reynsla kennarans á einnig erindi í þá umræðu. Hvernig er að bera ábyrgð á kennslu þegar verkfæri, væntingar og viðmið breytast hratt? Hvaða áhrif getur krafan um stöðuga aðlögun haft á upplifun kennara af eigin hæfni, stjórn og faglegu hlutverki?

Í erindinu verður þessi kennsluáskorun skoðuð út frá sálfræðilegum hugmyndum um streitu, hugrænt mat og þol gagnvart óvissu. Áhersla verður á samspil ytri krafna og þess hvernig kennarar meta eigin úrræði til að mæta þeim. Fjallað verður um mögulegar áhyggjur af því að dragast aftur úr, óvissu um réttmæti upplýsinga og ábyrgð, og spennuna milli þess að tileinka sér nýja tækni og varðveita sjálfstæði í kennslu. Gengið verður út frá því að viðbrögð kennara séu fjölbreytt og að varfærni geti endurspeglað faglega ábyrgð.

Til umræðu verða hversdagsleg viðfangsefni kennara, svo sem endurskoðun verkefna þegar nemendur hafa aðgang að gervigreind, yfirferð efnis sem hún framleiðir og ákvarðanir um hvenær notkun hennar þjónar námsmarkmiðum. Skoðað verður hvernig slík verkefni geta bæði skapað tækifæri og aukið kröfur um athygli, tíma og ákvarðanatöku. Jafnframt verður rætt hvernig óvissa getur tengst forðun, sífelldri upplýsingaleit eða þrýstingi um að vera stöðugt uppfærður.

Að lokum verða settar fram hagnýtar tillögur að stuðningi: skýrari væntingar, svigrúm til afmarkaðra tilrauna, jafningjasamráð og viðurkenning á tíma og vinnu sem aðlögun krefst. Markmiðið er að skapa umræðu um hvernig háskólasamfélagið getur stutt kennara til yfirvegaðrar og sjálfstæðrar þátttöku í breytingum. Mannlegi þátturinn í kennslu framtíðarinnar felur einnig í sér að kennarinn hafi svigrúm til að læra, efast og móta eigin faglega afstöðu.